

Umhverfisnefnd Kjósarhrepps.

Fundargerð 22.6.2019. Haldinn á gámaplani við Meðalfell kl. 12:00.

Mætt voru:

Katrín Cýrusdóttir, Lárus Vilhjálmsson, Þorbjörg Skúladóttir og Karl Magnús Kristjánsson.

Þetta var gert:

1. Farið yfir merkingar og staðsetningu flokkunargáma á gámaplani með teikningum frá Gámpjónustunni.
2. Samþykkt verðtilboð um merkingar, upplýsingaskilti og nýja stærri gám fyrir spilliefni og raftæki. Samþykkt að nota eldri gám fyrir nytjahluti. Samþykkt að fækka gámum fyrir heimilissorp úr 5 í 3.
3. Samþykkt að fjarlægja vinnuskúr af gámaplani og færa vaktskúr nær innkeyrslu.
4. Oddviti upplýsti að vegna skorts á tunnum í landinu gæti orðið þið á innleiðingu á flokkunartunnu fyrir plast.
5. Nefnd ákvað að skoða betur ýmsa kosti varðandi losun á lífrænum heimilisúrgangi.
6. Ákveðið að hitta stjórn sumarhúsafélags í Eilífsdal fljótlega vegna innleiðingar á flokkunargámum á svæðið.

Fundi lauk kl. 13.20.

Lárus Vilhjálmsson, ritari